

Skjal nr. 1.
Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur
hinn 20. mars 2014

S T E F N A

Valbjörn Steingrímsson
kt. 131253-3389
Brekkubyggð 14,
540 Blönduósi

GJÖRIR KUNNUGT: að hann þurfi að höfða mál á hendur fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssyni, kt. 260170-5549, Bakkaföt 2, 210 Garðabæ, fyrir hönd íslenska ríkisins, kt. 540269-6459.

I. Dómkröfur:

1.1. Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og að stefnanda verði tildæmd laun úr ríkissjóði fyrir tímabilið frá og með 1. desember 2010 til og með 31. desember 2013, samtals að fjárhæð kr. 30.796.190 að frádregnum þeim launum sem stefnandi fékk greidd að fjárhæð kr. 25.186.282, en það sem á vantar launagreiðsluna eru kr. 5.609.908.

Krafist er dráttarvaxta af því sem á vantar laun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 sem hér segir:

af	kr.	130.586	frá	1. janúar 2011	til	1. febrúar 2011
„	„	270.235	„	1. febrúar 2011	„	1. mars 2011
„	„	409.884	„	1. mars 2011	„	1. apríl 2011
„	„	549.533	„	1. apríl 2011	„	1. maí 2011

„	„	683.282	„	1. maí 2011	„	1. júní 2011
„	„	817.031	„	1. júní 2011	„	1. júlí 2011
„	„	950.780	„	1. júlí 2011	„	1. ágúst 2011
„	„	1.111.292	„	1. ágúst 2011	„	1. september 2011
„	„	1.271.804	„	1. sept. 2011	„	1. október 2011
„	„	1.432.316	„	1. okt. 2011	„	1. nóvember 2011
„	„	1.550.957	„	1. nóv. 2011	„	1. desember 2011
„	„	1.669.598	„	1. des. 2011	„	1. janúar 2012
„	„	1.788.239	„	1. janúar 2012	„	1. febrúar 2012
„	„	1.923.880	„	1. febrúar 2012	„	1. mars 2012
„	„	2.059.521	„	1. mars 2012	„	1. apríl 2012
„	„	2.195.162	„	1. apríl 2012	„	1. maí 2012
„	„	2.329.582	„	1. maí 2012	„	1. júní 2012
„	„	2.464.002	„	1. júní 2012	„	1. júlí 2012
„	„	2.598.422	„	1. júlí 2012	„	1. ágúst 2012
„	„	2.740.798	„	1. ágúst 2012	„	1. september 2012
„	„	2.883.174	„	1. sept. 2012	„	1. október 2012
„	„	3.025.550	„	1. okt. 2012	„	1. nóvember 2012
„	„	3.179.362	„	1.nóv. 2012	„	1. desember 2012
„	„	3.333.174	„	1. des. 2012	„	1. janúar 2013
„	„	3.486.986	„	1. janúar 2013	„	1. febrúar 2013
„	„	3.659.890	„	1. febrúar 2013	„	1. mars 2013
„	„	3.828.794	„	1. mars 2013	„	1. apríl 2013
„	„	3.999.698	„	1. apríl 2013	„	1. maí 2013
„	„	4.171.981	„	1. maí 2013	„	1. júní 2013
„	„	4.344.264	„	1. júní 2013	„	1. júlí 2013
„	„	4.516.547	„	1. júlí 2013	„	1. ágúst 2013
„	„	4.694.796	„	1. ágúst 2013	„	1. september 2013
„	„	4.873.045	„	1. sept. 2013	„	1. október 2013
„	„	5.051.291	„	1. okt. 2013	„	1. nóvember 2013
„	„	5.237.496	„	1. nóv. 2013	„	1. desember 2013
„	„	5.423.701	„	1. des. 2013	„	1. janúar 2014
„	„	5.609.908	„	frá þeim degi til greiðsludags.		

1.2. Til vara að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og að stefnanda verði tildæmd laun úr ríkissjóði fyrir tímabilið frá og með 1. desember 2010 til og með 31. desember 2013, samtals að fjárhæð kr. 29.551.599 að frádregnum þeim launum sem stefnandi fékk greidd að fjárhæð kr. 25.186.282, en það sem á vantar launagreiðsluna eru kr. 4.365.316.

Krafist er dráttarvaxta af því sem á vantar laun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 sem hér segir:

af	kr.	124.126	frá	1. janúar 2011	til	1. febrúar 2011
„	„	247.387	„	1. febrúar 2011	„	1. mars 2011
„	„	370.648	„	1. mars 2011	„	1. apríl 2011
„	„	493.909	„	1. apríl 2011	„	1. maí 2011
„	„	601.442	„	1. maí 2011	„	1. júní 2011
„	„	708.975	„	1. júní 2011	„	1. júlí 2011
„	„	816.508	„	1. júlí 2011	„	1. ágúst 2011
„	„	959.177	„	1. ágúst 2011	„	1. september 2011
„	„	1.101.846	„	1. sept. 2011	„	1. október 2011
„	„	1.244.515	„	1. okt. 2011	„	1. nóvember 2011
„	„	1.347.944	„	1. nóv. 2011	„	1. desember 2011
„	„	1.451.373	„	1. des. 2011	„	1. janúar 2012
„	„	1.554.802	„	1. janúar 2012	„	1. febrúar 2012
„	„	1.663.437	„	1. febrúar 2012	„	1. mars 2012
„	„	1.772.072	„	1. mars 2012	„	1. apríl 2012
„	„	1.880.907	„	1. apríl 2012	„	1. maí 2012
„	„	1.987.277	„	1. maí 2012	„	1. júní 2012
„	„	2.093.847	„	1. júní 2012	„	1. júlí 2012
„	„	2.200.417	„	1. júlí 2012	„	1. ágúst 2012
„	„	2.308.495	„	1. ágúst 2012	„	1. september 2012
„	„	2.416.573	„	1. sept. 2012	„	1. október 2012
„	„	2.524.651	„	1. okt. 2012	„	1. nóvember 2012
„	„	2.636.752	„	1.nóv. 2012	„	1. desember 2012
„	„	2.748.853	„	1. des. 2012	„	1. janúar 2013
„	„	2.860.954	„	1. janúar 2013	„	1. febrúar 2013
„	„	2.975.844	„	1. febrúar 2013	„	1. mars 2013
„	„	3.090.734	„	1. mars 2013	„	1. apríl 2013
„	„	3.205.624	„	1. apríl 2013	„	1. maí 2013
„	„	3.329.618	„	1. maí 2013	„	1. júní 2013
„	„	3.453.612	„	1. júní 2013	„	1. júlí 2013
„	„	3.577.606	„	1. júlí 2013	„	1. ágúst 2013
„	„	3.706.125	„	1. ágúst 2013	„	1. september 2013
„	„	3.834.647	„	1. sept. 2013	„	1. október 2013
„	„	3.963.166	„	1. okt. 2013	„	1. nóvember 2013
„	„	4.097.216	„	1. nóv. 2013	„	1. desember 2013
„	„	4.231.266	„	1. des. 2013	„	1. janúar 2014
„	„	4.365.316	„	frá þeim degi til greiðsludags.		

1.3. Til þrautavara að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og að stefnanda verði tildæmd laun úr ríkissjóði fyrir tímabilið frá og með 1. desember 2010 til og með 31. desember 2013, samtals að fjárhæð kr. 28.033.167 að frádregnum þeim launum sem stefnandi fékk greidd að fjárhæð kr. 25.186.282, en það sem á vantar launagreiðsluna eru kr. 2.846.885.

Krafist er dráttarvaxta af því sem á vantar laun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 sem hér segir:

af	kr.	83.902	frá	1. janúar 2011	til	1. febrúar 2011
„	„	172.471	„	1. febrúar 2011	„	1. mars 2011
„	„	261.040	„	1. mars 2011	„	1. apríl 2011
„	„	349.609	„	1. apríl 2011	„	1. maí 2011
„	„	427.980	„	1. maí 2011	„	1. júní 2011
„	„	506.351	„	1. júní 2011	„	1. júlí 2011
„	„	584.722	„	1. júlí 2011	„	1. ágúst 2011
„	„	681.637	„	1. ágúst 2011	„	1. september 2011
„	„	778.552	„	1. sept. 2011	„	1. október 2011
„	„	875.467	„	1. okt. 2011	„	1. nóvember 2011
„	„	927.611	„	1. nóv. 2011	„	1. desember 2011
„	„	979.755	„	1. des. 2011	„	1. janúar 2012
„	„	1.031.899	„	1. janúar 2012	„	1. febrúar 2012
„	„	1.099.780	„	1. febrúar 2012	„	1. mars 2012
„	„	1.157.661	„	1. mars 2012	„	1. apríl 2012
„	„	1.220.542	„	1. apríl 2012	„	1. maí 2012
„	„	1.281.358	„	1. maí 2012	„	1. júní 2012
„	„	1.342.179	„	1. júní 2012	„	1. júlí 2012
„	„	1.402.990	„	1. júlí 2012	„	1. ágúst 2012
„	„	1.471.851	„	1. ágúst 2012	„	1. september 2012
„	„	1.540.712	„	1. sept. 2012	„	1. október 2012
„	„	1.609.573	„	1. okt. 2012	„	1. nóvember 2012
„	„	1.682.456	„	1.nóv. 2012	„	1. desember 2012
„	„	1.755.339	„	1. des. 2012	„	1. janúar 2013
„	„	1.828.222	„	1. janúar 2013	„	1. febrúar 2013
„	„	1.913.950	„	1. febrúar 2013	„	1. mars 2013
„	„	1.999.678	„	1. mars 2013	„	1. apríl 2013
„	„	2.085.406	„	1. apríl 2013	„	1. maí 2013
„	„	2.165.154	„	1. maí 2013	„	1. júní 2013
„	„	2.244.902	„	1. júní 2013	„	1. júlí 2013

„	„	2.324.650	„	1. júlí 2013	„	1. ágúst 2013
„	„	2.408.924	„	1. ágúst 2013	„	1. september 2013
„	„	2.493.198	„	1. sept. 2013	„	1. október 2013
„	„	2.583.002	„	1. okt. 2013	„	1. nóvember 2013
„	„	2.667.277	„	1. nóv. 2013	„	1. desember 2013
„	„	2.757.081	„	1. des. 2013	„	1. janúar 2014
„	„	2.846.885	„	frá þeim degi til greiðsludags.		

1.4. Til þrautþrautavara er þess krafist að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og að viðurkennt verði með dómi að kjararáði hafi borið að afturkalla launalækkun stefnanda skv. l. 148/2008, sbr. l. 127/2009 frá og með 1. desember 2010.

Ennfremur er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflytninguþóknun.

II. Málflytningusumboð:

Undirritaður lögmaður, Lára V. Júlíusdóttir, hrl., Lögmenn Laugavegi 3, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

III. Málavextir, málsástæður, lagarök

3.1 Málsatvik:

Stefnandi máls þessa er forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi. Hann er félagsmaður í Félagi forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) og um laun hans fer skv. úrskurðum kjararáðs. Mál þetta höfðar stefnandi til leiðréttingar á launakjörum sínum fyrir tímabilið frá og með desember 2010 og út árið 2013.

3.1.1. Lögbundið verkefni kjararáðs skv. 1. gr. l. nr. 47/2006 um kjararáð er m.a. að ákveða laun og starfskjör félagsmanna FFR. Í 8. gr. þeirra laga segir : *Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr. (l. 87/2009). Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr.*

skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar. Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með vísan til breytinga á lögum um kjararáð nr. 148/2008 voru laun félagsmanna FFR lækkuð frá og með 1. mars 2009 á bilinu 5-15%. Þrátt fyrir ákvarðanir kjararáðs hefur stefnandi ekki fengið þær leiðréttingar á laun sín sem kjararáði ber skv. 8. gr. l. 48/2006 að ákvarða.

3.1.2. Ákvæði l. 148/2008 var tímabundið og gildi skv. 1. gr. l. 127/2009 til nóvemberloka 2010. Fram til þess tíma var kjararáði óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli l. nr. 148/2008. Frá 1. desember 2010 hafa lög ekki bundið hendur kjararáðs að þessu leyti. FFR, félag stefnanda, sendi kjararáði minnisblað 14. desember 2010 í kjölfar fundar fulltrúa félagsins með þriggja manna kjararáði sem haldinn var 30. nóvember 2010. Með minnisblaðinu gerði félagið í fyrsta lagi kröfu um að launalækkunin sem tók gildi 1. mars 2009 yrði afturkölluð. Í öðru lagi var gerð krafa um leiðréttingu launa forstöðumanna í samræmi við launaþróun á gildistíma bráðbirgðaákvæðis samkvæmt lögum nr. 127/2009. Í þriðja lagi var gerð krafa um að kjararáð samræmði laun félagsmanna FFR launum þeirra sem færðust undir úrskurðarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, með vísan til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu 8. gr. laga um kjararáð. Með bréfi FFR 14. febrúar 2011 var ítrekað að félagið teldi að eftir að lög um tímabundna lækkun launa forstöðumanna ríkisstofnana féllu úr gildi 30. nóvember 2010, bæri kjararáði að afturkalla launalækkunina og endurskoða starfskjör forstöðumanna að öðru leyti eins fljótt og verða mætti. Í ályktun aðalfundar FFR 18. maí 2011 var þess krafist að kjararáð afturkallaði án frekari tafa launalækkunina frá 1. mars 2009 og að afturköllunin gildi frá 1. desember 2010.

3.1.3. Kjararáð ákvað með úrskurði sínum 28. júní 2011 að fresta ákvörðun í málinu um óákveðinn tíma. Starfskjaranefnd FFR sendi frá sér minnisblað 12. júlí 2011 þar sem sagði að frestun á afturköllun launalækkunar félagsmanna FFR væri brot á lögum um kjararáð. Ennfremur segir að það að kjararáð fresti jafnframt að ákvarða forstöðumönnum ríkisstofnana laun með hliðsjón af launaþróun síðustu missera og innra samræmis þeirra sem undir ráðið heyrja sé brot á lögum um ráðið og á skjön við ákvæði stjórnarsýslulaga.

3.1.4. Með úrskurði kjararáðs nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 var launalækkun kjararáðs frá árinu 2009 afturkölluð frá og með 1. október 2011.

3.1.5. Hinn 14. júlí 2011 sendi FFR erindi til umboðsmanns Alþings og fór þess á leit að umboðsmaður tæki kvörtun félagsins á afgreiðslu kjararáðs til efnislegrar skoðunar. Umboðsmaður Alþingis sendi frá sér álit nr. 6540/2011 á árinu 2013 þar sem hann benti m.a. á að eftir 30. nóvember 2010, þegar tímabundin ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 148/2008 og l. 127/2009 runnu sitt skeið á enda, hafi farið um heimildir og hugsanlegar skyldur kjararáðs til að endurskoða og afgreiða beiðnir um endurskoðun launa félagsmanna FFR eftir þeim almennu reglum sem gilda um störf kjararáðs. Með hliðsjón af því auk annarra lagabreytinga sem og að kjararáði höfðu borist erindi er að þessu lutu, m.a. frá FRR, var niðurstaða umboðsmanns sú að kjararáði hafi borið frá þeim tíma að leggja mat á hvort fram væru komnar breytingar sem gæfu tilefni til þess að taka nýjar ákvarðanir um laun þeirra sem heyrðu undir ráðið, þar á meðal hvort tilefni hefði verið til breytinga á launum þeirra forstöðumanna ríkisstofnana sem sætt hefðu lækkingu launa frá 1. mars 2009, samkvæmt úrskurði ráðsins vegna ákvæða laga nr. 148/2008 og 127/2009. Umboðsmaður taldi að skort hefði á að það mál sem kjararáð réð til lykta með fyrrnefndum úrskurði 28. júní 2011, þar á meðal afgreiðsla þess á erindum FFR sem það hafði sent í nóvember og desember 2011 þar sem óskað var eftir að kjararáð endurskoðaði laun félagsmanna, hefði verið rannsakað svo fullnægjandi væri miðað við þær kröfur sem 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gerir og þeim viðmiðunum sem kjararáði ber að lögum að fylgja við ákvarðanir sínar. Þá hafi ráðið brotið gegn andmæla-reglu 13. gr. stjórnarsýslulaga, m.a. með því að kynna ekki félagi stefnanda, FFR, gögn sem ráði hafði aflað og höfði verulega þýðingu við úrlausn málsins. Umboðsmaður gerði ennfremur athugasemdir við ófullnægjandi gagnaöflun ráðsins, frestun á meðferð málsins og málshraða. Í álitinu setti umboðsmaður m.a. fram þau tilmæli að kjararáð tæki erindi FFR til meðferðar að nýju, kæmi fram ósk um það frá félaginu og leysti þá úr málinu í samræmi við þau sjónarmið sem fram hefðu komið í álitinu. Í úrskurði kjararáðs frá 21. desember 2011 var ekki orðið við þeim tilmælum, heldur giltu launaleiðréttingar frá og með 1. október 2011 og viðmið kjararáðs vegna leiðréttinga ekki í nokkru samræmi við ákvæði 8. gr. laga 47/2006. Þar sem við úrskurði kjararáðs bæði frá 28. júní 2011 og frá 21. desember 2011 var ekki gætt ákvæða stjórnarsýsluréttarins krefst stefnandi ógildirnar þeirra.

3.1.6. Stefnandi telur að kjararáði hafi borið að miða ákvörðun sína við 1. desember 2010, þann dag sem kjararáð var ekki lengur bundið af ákvörðun löggjafans um lækkingu launa, en ekki 1. október 2011. Ennfremur telur stefnandi að kjararáði hafi borið að miða launaákvarðanir við þau launaviðmið

sem kveðið er á um í 8. gr. 1. 46/2006. Með úrskurði sínum nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 hafi kjararáð brotið lög gagnvart stefnanda bæði hvað varðar tímaviðmið og eins samræmi við kjör sambærilegra hópa varðandi störf og ábyrgð. Stefnandi sé því knúinn til að höfða mál þetta til að fá lögmæta leiðréttingu á kjörum sínum.

3.2. Málsástæður

3.2.1. Eins og áður er getið er stefnandi máls þessa forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi, félagsmaður í Félagi forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) og um laun hans fer skv. úrskurðum kjararáðs. Málinu er stefnt inn með fulltingi og í samráði við Félag forstöðumanna ríkisstofnana sem telur það geta haft fordæmisgildi fyrir félagsmenn þess, en félagið er málsvari þeirra einstaklinga sem úrskurðir kjararáðs taka til, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð er það verkefni þess m.a. að „ákveða laun og starfskjör“ forstöðumanna ríkisstofnana.

3.2.2. Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Fjármálaráðherra fer með starfsmannamál ríkisins og ber ábyrgð á launagreiðslum starfsmanna þess, þar á meðal stefnanda. Hann ber þannig ábyrgð á því að stefnandi njóti rétttra kjara skv. skipun sinni og að ákvörðun um laun hans sé tekin í samræmi við lög. Kjararáð sem slíkt kveður upp úrskurði en á ekki sjálft hagsmuni af úrskurðum sínum. Fjármálaráðherra hefur ekki gætt þess gagnvart stefnanda á tímabilinu frá 1. desember 2010 og fram til dagsins í dag að rétt laun væru greidd. Þannig hefur lögvarinn réttur stefnanda til leiðréttinga á launum sem reistur er á lögum 47/2006 verið brotinn allt frá þeim tíma. Gerð er krafa til leiðréttingar út árið 2013.

3.2.3. Stefnandi er embættismaður skv. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Samkvæmt 40. gr. þeirra laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Stefnandi svo og þeir aðrir sem falla undir ákvörðunarvald kjararáðs hafa því ekki samningsrétt um kaup og starfskjör sín og þeir eru sviptir verkfallsrétti. Eins og bent er á í bréfi umboðsmanns Alþingis frá 13. október 2011 leiðir 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með síðari breytingum og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist á sviði vinnumarkaðsmála til þess að almennt eru verulegar takmarkanir á því að hinn almenni löggjafi geti svipt menn rétti til að semja um starfskjör sín í formi launa. Þessi staða kann jafnframt að hafa áhrif þegar kemur að mati á þeim kröfum sem gera verður um réttaröryggi bæði að því er varðar málsmeðferð og efnislega niðurstöðu gagnvart þeim sem sæta

ákvörðunum stjórnvalds eins og kjararáðs um endurgjald í formi launa en eru með lögum sviptir samningsréttinum. Í því sambandi verður jafnframt að gæta þess að hér hefur stefnandi fallist á að ráðstafa aflahæfi sínu og vinnutíma í þágu ríkisins og afla þannig endurgjalds fyrir vinnu sína í formi launa til þess m.a. að standa straum af framfærslu sinni og eftir atvikum fjölskyldu. Það getur því sjálfstætt skipt stefnanda máli að eðlilegt samhengi sé í tíma milli breytinga á launum hans og öðrum launum í þjóðfélaginu.

3.2.4. Laun sem menn eiga rétt á að fá greidd fyrir vinnu sína samkvæmt bindandi kjarasamningi eða ráðningarsamningi teljast eign þeirra í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar. Sama gildir þótt launakjör séu ákveðin af kjararáði, enda er verkefni þess að ákveða laun og starfskjör æðstu embættismanna íslenska ríkisins. Samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og alþjóðlegum skuldbindingum, s.s. samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98 eru verulegar takmarkanir á því að hægt sé að svipta menn rétti til að semja um starfskjör sín. Forstöðumenn ríkisstofnana, þar á meðal stefnandi, gangast undir þessa réttindaskerðingu sbr. 40. gr. l. 70/1996. Gera þeir þetta í trausti þess að kjararáð ákvarði starfskjör þeirra í samræmi við sett lög. Það hefur kjararáð ekki gert gagnvart stefnanda og er álit umboðsmanns frá 7. maí 2013 til vitnis um það.

3.2.5. Ákvarðanir kjararáðs nr. 2008.3.001, nr. 2009.001, nr. 2009.3.002 og nr. 2009.4.004 um lækkun launa þeirra sem undir kjararáð heyrta byggðust á íhlutun löggjafarvaldsins í störf kjararáðs, upphaflega samkvæmt lögum nr. 148/2008 og síðar lögum nr. 127/2009. Til nóvemberloka 2010 var kjararáði óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Frá 1. desember 2010 hafa lög ekki bundið hendur kjararáðs að þessu leyti. Fyrir gildistöku framangreindra laga hafði kjararáð tekið ákvarðanir um laun þeirra sem undir ráðið heyrðu sem sjálfstætt stjórnarsýsluráð á grundvelli laga nr. 47/2006. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 148/2008 kom fram að þeirri ráðstöfun að fyrirskipa kjararáði að lækka laun og setja hömlur á endurskoðun úrskurða ráðsins um lækkun launa um ákveðinn tíma, væri ætlað að gilda tímabundið. Að hinum ákveðna tíma liðnum gæti ráðið að nýju fellt úrskurð um þann hóp sem frumvarpið næði til að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau yrðu þá. Með vísan til þessa og með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga um kjararáð bar ráðinu að taka til baka, miðað við 1. desember 2010, þá launalækkun sem ráðinu hafði verið fyrirskipað að framkvæma á grundvelli tilvitnaðra laga á launum þeirra sem undir ráðið heyrta nema lögmæt sjónarmið hefðu leitt til

annarrar niðurstöðu.

3.2.6. Áður en lög um launalækkunina voru sett í desember 2008 hafði forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar farið þess á leit við kjararáð með bréfi dags. 21. nóvember 2008 að það tæki ákvörðun um tímabundnar launalækkunar á bilinu 5-15% hjá þeim sem undir ráðið heyra og að sú breyting gildi út árið 2009.

Kjararáð svaraði forsætisráðherra með bréfi dags. 1. desember 2008, og upplýsti að það teldi ekki lagaskilyrði fyrir hendi til að verða við erindinu. Í framhaldinu var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytinguna og það samþykkt sem lög hinn 24. desember 2008, l. 148/2008. Skýrt kom fram í athugasemdum við frumvarpið að því var ætlað að ná fram sama markmiði og erindinu sem forsætisráðherra bar upp við kjararáð. Sérstök áhersla var lögð á að virða bæri sem mest sjálfstæði kjararáðs og raska ekki til frambúðar hlutverki þess. Niðurstaða kjararáðs 1. desember 2008 var skýr og afdráttarlaus þess efnis að 5-15% launalækkun væri ekki möguleg án lagabreytingar. Hinn 1. desember 2010 féll lagabreyting um lækkunina úr gildi. Frá þeim tíma telst launalækkunin því lögleysa með sömu rökum og kjararáð sjálft beitti tveimur árum áður. Þegar kjararáði var fyrirskipað með lögum að lækka laun þeirra sem undir ráðið heyrdðu höfðu laun annarra ríkisstarfsmanna með laun yfir 400.000 krónur á mánuði almennt ekki verið lækkuð. Hinn 14. ágúst 2009 gaf ríkisstjórnin út tilmæli um lækkun launa þeirra starfsmanna Stjórnarráðsins sem hefðu hærri laun en 400.000 krónur á mánuði, um 3-10% með fækkun eininga og yfirvinnustunda. Skyldi fjármálaráðuneytið í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti hafa forgöngu um að útfæra leiðir til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt skyldu fjármálaráðuneytið og hlutaðeigandi ráðuneyti útfæra leiðir til þess að ná fram samsvarandi lækkun hærri launa en 400.000 krónur á mánuði hjá starfsmönnum stofnana ríkisins, í samstarfi við forstöðumenn. Ekkert liggur fyrir hvernig til tókst um framkvæmd þessara tilmæla.

3.2.7. Gerð er krafa um að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og um leiðréttingu launa fyrir tímabilið frá 1. desember 2010 og út árið 2013. Á því er byggt að skv. 10. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 skuli kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skuli til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum

þeirra sem úrskurðarvald kjararáðs tekur til. Settar eru fram þrjár kröfur, sem hver um sig tekur mið af tilteknum viðmiðunarhóp skv. 8. gr. laga um kjararáð. Aðalkrafan, kr. 5.609.908, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga einstakra launagreiðslna er um leiðréttingu á launum stefnanda til samræmis við hóp sérfræðinga á almennum markaði. Byggt er á vísitölu launa frá Hagstofu Íslands sbr. netsíðuna http://www.hagstofa.is/pages/1516/?src=../vorulysingar/v_transporter.asp?filename=V22412.htm. Varakrafan, kr. 4.365.316 ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga einstakra launagreiðslna er um leiðréttingu á launum stefnanda til samræmis við hóp opinberra starfsmanna. Þrautavarakrafan, kr. 2.846.885 ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga einstakra launagreiðslna er um leiðréttingu á launum stefnanda til samræmis við hóp stjórnenda á almennum markaði.

Til þrautþrautavara er þess krafist að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir og að viðurkennt verði með dómi að kjararáði hafi borið að afturkalla launalækkun stefnanda skv. l. 148/2008, sbr. l. 127/2009 frá og með 1. desember 2010.

3.2.8. Aðalkrafa stefnanda um að úrskurðir kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011 og nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 verði dæmdir ógildir er á því byggð að þeir séu haldnir svo alvarlegum ágöllum, bæði varðandi form og efni að ógildingur verði. Við mat á lögmæti úrskurðanna verður að hafa í huga að kjararáð er stjórnslunefnd sem tekur fullnaðarákvörðun á stjórnslustigi um grundvallarréttindi þeirra er undir ráðið heyrja, en ekki er unnt að bera úrskurði ráðsins undir æðra stjórnvald. Skiptar skoðanir hafa raunar verið um það hvort líta beri á kjararáð sem lögbundinn gerðardóm eða stjórnslunefnd en óumdeilt er að ráðinu ber í störfum sínum að gæta ákvæða stjórnslulaga nr. 37/1993 og hefur ráðið m.a. sjálft tekið upp ákvæði þar um í starfsreglur sínar frá 12. september 2006, sbr. 7. gr. þeirra. Að öðru leyti starfar ráðið eftir lögum um kjararáð nr. 47/2006 þar sem ítarlega er mælt fyrir um starfsemi ráðsins, þar á meðal um þau viðmið sem ráðinu ber að líta til við ákvörðun launa þeirra sem undir ráðið heyrja. Alveg er ljóst að við undirbúning og gerð þeirra úrskurða sem ógildingarkrafan tekur til gætti ráðið ekki ákvæða laga nr. 47/2006 um launaviðmið og leit auk þess framhjá þeirri staðreynd að ekki var lengur nein lagastoð fyrir þeirri tímabundnu lækkun launa sem löggjafinn hafði mælt fyrir um með lögum nr. 148/2008 og 127/2009. Frá og með 1. desember 2010 tók við fyrri ástand, þ.e. kjararáði bar þá að framkvæma hlutverk sitt á grundvelli laganna eins og þau voru áður en þessar breytingar voru gerðar á

þeim, svo sem mælt er fyrir um í 10. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Í stað þess að láta ákvarðanir sínar taka gildi 1. desember 2010 tók kjararáð hins vegar þá ákvörðun að miða launaleiðréttingar við 1. október 2011. Sú ákvörðun kjararáðs að miða ekki afturköllun launalækkunar við þann dag sem löggjafinn fyrst létti af banni við hækkunum launa fær ekki staðist. Var með henni bæði vegið að grundvallarréttindum stefnanda, farið gegn þeim sjónarmiðum sem uppi voru við lagasetninguna þegar lögum nr. 47/2006 um kjararáð var breytt 2008 og 2009 og stjórnarsýslulög brotin. Auk þess eru úrskurðir ráðsins í ósamræmi við launaþróun viðmiðunarhópa. Með öllu þessu braut ráðið gegn lögum nr. 47/2006, svo og gegn lögmætisreglunni, sem er óskráð meginregla í stjórnarsýslurétti.

Hvort sem litið er á kjararáð sem gerðardóm eða stjórnarsýslunefnd verður ekki um það deilt að hlutverk ráðsins er að leiða mál til lykta með bindandi hætti á svipaðan hátt og dómstólar gera. Draga reglur um ráðið dóm af þessum veruleika en því er m.a. heimilt að viðhafa munnlegan málflutning, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 47/2006 og 3. mgr. 7. gr. starfsreglna kjararáðs. Af þessu leiðir að ráðinu ber í störfum sínum að gæta grundvallarreglna um réttláta málsmeðferð, svo og um skráningu upplýsinga, sbr. þágildandi 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Fyrir liggur að ráðið tók við munnlegum skýringum fulltrúa fjármálaráðuneytisins án þess að fulltrúi FFR eða aðrir hagsmunaaðilar væru viðstaddir og braut með því gegn sjónarmiðum um jafna stöðu aðila og um jafnræði. Loks braut ráðið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, svo og gegn andmælareglu 13. gr. og reglum um málshraða eins og glögglega verður ráðið af álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6540/2011. Telur stefnandi hafið yfir allan vafa að svo alvarlegir ágallar séu á þeim úrskurðum kjararáðs sem hér um ræðir, bæði hvað varðar efni og málsmeðferð að ógildingu varði. Aðalkrafan hvað varðar leiðréttingu launa byggir á launaþróun forstjóra HSB í samanburði við sérfræðinga á almennum markaði. Í samanburðartöflu á launum stefnanda og sérfræðinga á almennum vinnumarkaði á meðfylgjandi dóm skjali sem nær yfir tímabilið janúar 2006 og út árið 2013 sést hvernig laun stefnanda hafa smám saman dregist aftur úr launum viðmiðunarhópsins. Krafan miðast við það tímabil sem kjararáði bar samkvæmt lögum nr. 47/2006 að reikna laun, þ.e. frá desember 2010. Skv. l. 148/2008, sbr. l. 127/2009, var óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs fram til 30. nóvember 2010, en frá og með þeim degi bar kjararáði að sinna lögbundnum skyldum sínum til samræmingar og leiðréttingar launakjörum stefnanda. Sérfræðingar á almennum markaði eru teknir hér sem viðmiðunarhópur með vísan til 2. mgr. 8. gr. l. 47/2006. Þetta er stór hópur manna sem vinnur störf sem eru mjög skyld þeim störfum sem stefnandi og

aðrir félagsmenn í FFR gegna og er því vel til þess fallinn að mæla raunverulegar breytingar á kjörum sem viðmiðunarhópur.

Hefðu laun stefnanda hækkað með sama hætti og laun hóps sérfræðinga á almennum vinnumarkaði hefðu þau átt að hækka á nefndu tímabili samtals um kr. 5.609.908, sem er kröfufjárhæðin. Hún sundurliðast þannig:

Það sem á vantar laun í	desember	2010	kr.	130.586
„	janúar	2011	„	139.649
„	febrúar	„	„	139.649
„	mars	„	„	139.649
„	apríl	„	„	133.749
„	maí	„	„	133.749
„	júní	„	„	133.749
„	júlí	„	„	160.512
„	ágúst	„	„	160.512
„	september	„	„	160.512
„	október	„	„	118.641
„	nóvember	„	„	118.641
„	desember	„	„	118.641
„	janúar	2012	„	135.641
„	febrúar	„	„	135.641
„	mars	„	„	135.641
„	apríl	„	„	134.420
„	maí	„	„	134.420
„	júní	„	„	134.420
„	júlí	„	„	142.376
„	ágúst	„	„	142.376
„	september	„	„	142.376
„	október	„	„	153.812
„	nóvember	„	„	153.812
„	desember	„	„	153.812
„	janúar	2013	„	170.904
„	febrúar	„	„	170.904
„	mars	„	„	170.904
„	apríl	„	„	172.283
„	maí	„	„	172.283
„	júní	„	„	172.283
„	júlí	„	„	178.249
„	ágúst	„	„	178.249
„	september	„	„	178.249

„	október	„	„	186.205
„	nóvember	„	„	186.205
„	desember	„	„	186.205

	Samtals			kr. 5.609.908

3.2.9. Varakrafan hvað varðar launaleiðréttingu byggir á launaþróun forstjóra HSB í samanburði við launaþróun opinberra starfsmanna. Í samanburðartöflu á launum stefnanda og opinberra starfsmanna alls á meðfylgjandi dómskjali sem nær yfir tímabilið janúar 2006 og út árið 2013 sést hvernig laun stefnanda hafa smám saman dregist aftur úr launum þessa viðmiðunarhóps. Krafan miðast við það tímabil sem kjararáði bar samkvæmt lögum nr. 47/2006 að reikna laun, þ.e. frá desember 2010. Skv. 1. 148/2008 var óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs fram til 30. nóvember 2010, en frá og með þeim degi bar kjararáði að sinna lögbundnum skyldum sínum til samræmingar og leiðréttingar á launakjörum stefnanda. Opinberir starfsmenn alls eru teknir hér sem viðmiðunarhópur með vísan til 1. mgr. 8. gr. 1. 47/2006. Þetta er stór hópur manna sem vinnur störf hjá sama atvinnurekanda og stefnandi og aðrir félagsmenn í FFR og launabreytingar á þessu tímabili mæla það sem ríkið sem atvinnurekandi greiddi öllum öðrum. Hópurinn er sá hópur sem kjararáð á helst að taka mið af í störfum sínum samkvæmt lagaákvæðinu.

Hefðu laun stefnanda hækkað með sama hætti og laun opinberra starfsmanna í heild sinni hefðu þau átt að hækka á nefndu tímabili samtals um kr. 4.365.316, sem er kröfufjárhæðin. Hún sundurliðast þannig:

Það sem á vantar laun í	desember	2010	kr.	124.126
„	janúar	2011	„	123.261
„	febrúar	„	„	123.261
„	mars	„	„	123.261
„	apríl	„	„	107.533
„	maí	„	„	107.533
„	júní	„	„	107.533
„	júlí	„	„	142.669
„	ágúst	„	„	142.669
„	september	„	„	142.669
„	október	„	„	103.429
„	nóvember	„	„	103.429
„	desember	„	„	103.429
„	janúar	2012	„	108.635
„	febrúar	„	„	108.635

„	mars	„	„	108.635
„	apríl	„	„	106.570
„	maí	„	„	106.570
„	júní	„	„	106.570
„	júlí	„	„	108.078
„	ágúst	„	„	108.078
„	september	„	„	108.078
„	október	„	„	112.101
„	nóvember	„	„	112.101
„	desember	„	„	112.101
„	janúar	2013	„	114.890
„	febrúar	„	„	114.890
„	mars	„	„	114.890
„	apríl	„	„	123.994
„	maí	„	„	123.994
„	júní	„	„	123.994
„	júlí	„	„	128.519
„	ágúst	„	„	128.519
„	september	„	„	128.519
„	október	„	„	134.050
„	nóvember	„	„	134.050
„	desember	„	„	134.050

	Samtals			kr. 4.365.316

3.2.10. Þrautavarakrafan hvað varðar launaleiðréttingu byggir á launaþróun stefnanda í samanburði við launaþróun stjórnenda á almennum vinnumarkaði. Í samanburðartöflu á launum stefnanda og stjórnenda á almennum vinnumarkaði á meðfylgjandi dómskjali sem nær yfir tímabilið janúar 2006 og út árið 2013 sést hvernig laun stefnanda hafa smám saman dregist aftur úr launum þessa viðmiðunarhóps. Krafan miðast við það tímabil sem kjararáði bar samkvæmt lögum nr. 47/2006 að reikna laun, þ.e. frá desember 2010. Skv. l. 148/2008 var óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs fram til 30. nóvember 2010, en frá og með þeim degi bar kjararáði að sinna lögbundnum skyldum sínum til samræmingar og leiðréttingar á launakjörum stefnanda. Stjórnendur á almennum vinnumarkaði eru teknir hér sem viðmiðunarhópur með vísan til 2. mgr. 8. gr. l. 47/2006. Þetta er sá hópur á almennum vinnumarkaði sem ætla má að vinni sömu eða svipuð störf og stefnandi. Þess ber þó að gæta að innan þessa hóps á almennum markaði eru einstaklingar sem

hafa verið með svokölluð ofurlaun, laun sem tóku ekki neinum hækkunum og jafnvel lækkuðu verulega á því tímabili sem hér er til viðmiðunar. Hópurinn er sá hópur sem kjararáð á m.a. að taka mið af í störfum sínum skv. 2. mgr. 8. gr. 1. 47/2006 en þar segir að kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Hefðu laun stefnanda hækkað með sama hætti og laun stjórnenda á almennum markaði hefðu þau átt að hækka á nefndu tímabili samtals um kr. 2.846.885, sem er kröfufjórðingin. Hún sundurliðast þannig:

Það sem á vantar laun í	desember	2010	kr.	83.902
„	janúar	2011	„	88.569
„	febrúar	„	„	88.569
„	mars	„	„	88.569
„	apríl	„	„	78.371
„	maí	„	„	78.371
„	júní	„	„	78.371
„	júlí	„	„	96.915
„	ágúst	„	„	96.915
„	september	„	„	96.915
„	október	„	„	52.144
„	nóvember	„	„	52.144
„	desember	„	„	52.144
„	janúar	2012	„	62.881
„	febrúar	„	„	62.881
„	mars	„	„	62.881
„	apríl	„	„	60.816
„	maí	„	„	60.816
„	júní	„	„	60.816
„	júlí	„	„	68.861
„	ágúst	„	„	68.861
„	september	„	„	68.861
„	október	„	„	72.883
„	nóvember	„	„	72.883
„	desember	„	„	72.883
„	janúar	2013	„	85.728
„	febrúar	„	„	85.728
„	mars	„	„	85.728
„	apríl	„	„	79.748
„	maí	„	„	79.748
„	júní	„	„	79.748

„	júlí	„	„	84.274
„	ágúst	„	„	84.274
„	september	„	„	84.274
„	október	„	„	89.804
„	nóvember	„	„	89.804
„	desember	„	„	89.804

	Samtals			kr. 2.846.885

3.2.11. Allar framangreindar fjárkröfur eru studdar þeim rökum að stefndi, fjármálaráðherra, beri f.h. ríkissjóðs ábyrgð á því að laun kæranda séu ákvörðuð í samræmi við lög og með hliðsjón af launum viðmiðunarhópa og af launaþróun eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 47/2006. Þá eru þessar kröfur jafnframt studdar þeim rökum að ákvarðanir kjararáðs um laun kæranda hafi verið ólögmætar enda hafi kjararáð vanrækt lögboðnar skyldur sínar við gerð og undirbúning umræddra úrskurða. Ráðið hafi þannig með ólögmætum hætti valdið stefnanda tjóni sem nemi mismuni þeirra launa sem ráðið ákvað og þeirra launa sem honum hefðu borið ef ákvörðun ráðsins hefði verið í samræmi við lög og beri ríkissjóður fébótaábyrgð á því tjóni.

3.2.12. Þrautaþrautavarakrafan er sett fram í því skyni, verði ekki fallist á kröfur um launaleiðréttingu, að fá úrskurði kjararáðs ógilta. Í tengslum við þetta er sett fram krafa um viðurkenningu á því að kjararáði hefði borið að miða nýjan úrskurð við 1. desember 2010. Með þessu vill stefnandi knýja á um leiðréttingu kjara sinna. Á þessum tímapunkti raknaði við fyrra réttarástand, sem leiddi það af sér að skv. 10. gr. laga um kjararáð bar ráðinu að taka mál FFR, sem er félag stefnanda, til meðferðar, enda ljóst að þá höfðu orðið verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem skyldu höfð til viðmiðunar eins og fram kemur m.a. á línuriti um launaþróun stefnanda og helstu viðmiðunarhópa á dómskjali.

Stefnandi tekur fram að niðurstaða máls þessa kann að hafa áhrif á launakjör héraðsdómara, enda eru þau ákveðin af kjararáði. Ekki er þó gerð krafa um að dómari víki sæti en því beint til dómsins að huga af sjálfsdáðum að mögulegum álitafnum um hæfi dómara í málinu.

3.3.Lagarök:

3.3.1. Lög um kjararáð nr. 47/2006, eins og þeim var breytt með l. 168/2007, 148/2008, 87/2009, 127/2009 og l. 126/2011.

3.3.2. Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

3.3.3. Upplýsingalög nr. 50/1996.

3.3.4. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, 72. gr. l. 33/1944.

3.3.5. Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV. Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Launaseðlar stefnanda frá janúar 2006 til desember 2013
2. Tafla 1 samantekt á launum stefnanda og launabreytingar
3. Tafla 2 launaþróun stefnanda 2006-2013
4. Tafla 3 launavísitölur Hagstofu Íslands 2006-2013
5. Tafla 4 launaþróun stefnanda í samanburði við sérfræðinga á alm. markaði
6. Tafla 5 launaþróun stefnanda í samanburði við opinbera starfsmenn
7. Tafla 6 launaþróun stefnanda í samanburði við stjórnendur á almennum markaði
8. Línurit yfir launaþróun viðmiðunarhópa
9. Bréf kjararáðs til stefnanda 4. mars 2011
10. Bréf stefnda til kjararáðs 29. mars 2011
11. Ályktun aðalfundar stefnanda 18. maí 2011
12. Úrskurður kjararáðs nr. 2011.001 frá 28. júní 2011
13. Úrskurður kjararáðs frá 21. desember 2011
14. Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6540/2011 7. maí 2013
15. Ályktun frá aðalfundi FFR 8. maí 2013, tölvupóstur
16. Bréf FFR til kjararáðs 14. maí 2013
17. Bréf kjararáðs til FFR 28. júní 2013
18. Ályktun fundar FFR 11. febrúar 2014
19. Þingskjal 283 frumvarp til laga sem varð að l. 148/2008
20. Þingskjal 219, frumvarp til laga sem varð að l. 127/2009
21. Nefndarálit vegna frumvarps til laga sem varð að l. 127/2009.

V. Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda, fjármálaráðherra, Bjarna Benediktsson, kt. 260170-5549, Bakkaföt 2, 210 Garðabæ, fyrir hönd íslenska ríkisins kt. 540269-6459 að koma fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður í **Héraðsdómi Reykjavíkur**, Dómhúsinu v/ Lækjartorg, dómsal 102, þann 20. mars 2014 kl. **10:00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar.

Reykjavík, 17. mars 2014

f.h. stefnanda,

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Til Héraðsdóms Reykjavíkur

Mér nægjanlega birt f.h. stefnda íslenska ríkisins með því að samrit stefnunnar hefur verið afhent mér. Mun láta sækja þing í málinu við þingfestingu málsins.

Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, / 2014

F.h. stefnda